

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðarinnar Austurvegur 64 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 6. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinni Austurvegur 64 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 19. september 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 14. október til og með 11. nóvember 2005 með athugasemdafresti til og með 25. nóvember 2005.

Deiliskipulag lóðarinnar Austurvegur 65 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. janúar 2005 tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Austurvegur 65 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 28. maí 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. september til og með 6. október 2004 með athugasemdafresti til og með 20. október 2004.

Uppdrættir og greinargerðir fyrir báðar tillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 6. nóvember 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.